

Ed.

692. Breytingartillögur

[257. mál]

við frv. til jarðalaga.

Frá Helga F. Seljan.

1. Á eftir 8. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

Ekki skal veita leyfi til ráðstöfunar fasteigna, sbr. 1. mgr. 7. gr., ef ætla má, að ráðstöfunin sé gerð til að hafa af henni sérstakan fjárhagslegan ávinning eða til að ráðstafa eigninni eða hluta af henni fljótlega aftur í hagnaðarskyni.

2. Við 25. gr. 1. mgr. (sem endar svo: „gildir það þá sem söluverð“) bætist: Við matið skal ekki taka tillit til verðhækkunar, sem stafar af því, að skipu- lagt þéttbýlissvæði, sbr. 4. gr. þessara laga, er að byggjast upp í næsta nágrenni og veldur óvenjulegri eftirspurn eftir landi, heldur ber að miða við verðmæti hliðstæðra eigna, þar sem þessar ástæður hafa ekki veruleg áhrif til verð- hækkunar.
3. Við 33. gr. Í stað upphæðarinnar „12 000 000.00“ komi: 25 000 000.00.